

Siðanefnd Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2026

K Æ R A

Kærendur 1. Bergsnös ehf., kt. 660821-2280, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík,
2. Finnur Björn Harðarson, kt. 160769-3949, Ásbrekku, 804 Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Kærði Ólafur E. Jóhannesson blaðamaður hjá Morgunblaðinu.

Fyrirsvar Hilmar Gunnarsson, lögmaður, Mörkinni lögmannsstofu hf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, hilmar@law.is

Kærendur gera svohljóðandi kröfu:

Að viðurkennt verði að Ólafur E. Jóhannsson hafi brotið Siðareglur Blaðamannafélags Íslands með fréttum sínum um málefni leigutakans að stangveiðiréttinum í Stóru-Laxá og fyrirvarsmann félagsins, Finn Björn Harðarson, frá 6. júlí 2026 til 9. júlí 2026.

Fréttirnar sem um ræðir eru:

Nr.	Fyrirsögn	Birting	Fskj.
1.	„Vill rifta vegna vanefnda“	Morgunblaðið þann 6. júlí 2026	1
2.	„Krefst uppsagnar leigusamnings“	www.mbl.is þann 6. júlí 2026	2
3.	„Leyfa framkvæmdir í trássi við eigendur“	www.mbl.is þann 7. júlí 2026	3
4.	„Krefjast opinberrar rannsóknar“	Morgunblaðið þann 8. júlí 2026	4
5.	„Nálgunarbanns krafist“	www.mbl.is þann 8. júlí 2026.	5



6.	„Kærður til lögreglu fyrir akstur á gröfu“	www.mbl.is þann 9. júlí 2026	6
----	--	--	---

Hinn kærði, Ólafur E. Jóhannsson, blaðamaður hjá Morgunblaðinu, er skráður fyrir fréttum nr. 1 og 4 sem birtust í Morgunblaðinu. Enginn blaðamaður er skráður fyrir fréttunum sem birtust á mbl.is á fskj. 2-3 og 5-6. Kærendur gera ráð fyrir að kærði hafi skrifað þessar fréttir.

Fréttirnar eiga það sameiginlegt að fjallað er um kærendur með neikvæðum hætti en Bergsnös ehf. er leigutakinn að veiðiréttinum í Stóru-Laxá og Finnur B. Harðarson er fyrirsvarsmaður félagsins. Finnur B. Harðarson er jafnframt veiðiréttarhafi í Stóru-Laxá. Í öllum tilvikum var um einhliða frétttaflutning að ræða. Fréttirnar voru skrifaðar og birtar án þess að blaðamaðurinn hafi haft samband við kærendur eða aðra aðila.

Fyrsta fréttin var birt þann 6. júlí 2026, sbr. fskj. 1. Fyrirsögnin er „Vill rifta vegna vanefnda.“ Síðan segir: „Landeigandi við Stóru-Laxá ósáttur við leigutaka árinna“, „Sá hefur áreitt veiðimenn á lðu“, „Vill formann Stóru-Laxárdeildarinnar burt.“ Dregið var úr þessari yfirlýsingu á mbl.is á fskj. 2. Þar er fyrirsögnin „Krefst uppsagnar leigusamnings“.

Varðandi frétt í Morgunblaðinu á fskj. 1 þá skal eftirfarandi tekið fram:

1. Blaðamaðurinn veit eða á að vita að einstakir landeigendur geta ekki rift leigusamningum um veiði í laxveiðiám. Samningurinn um veiðiréttinn er gerður í nafni veiðifélags og skylduaðild að veiðifélögum er ein af grunnstoðum laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Einstakir landeigendur geta ekki rift leigusamningi. Slíkum samningi verður jafnframt ekki rift án vanefnda. Vilji einstaka jarðareiganda til að rifta réttlætir því ekki fyrirsögnina um riftun „vegna vanefnda“.
2. Ef blaðamaðurinn hefði haft samband við viðsemjanda leigutakans, Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga, þá hefði hann fengið upplýsingar um það að leigutakinn hefur með *engum* hætti vanefnt leigusamninginn við veiðifélagið. Þvert á móti hefur hann efnt samninginn að öllu leyti, lánað félaginu verulegar fjárhæðir og staðið í verulegum framkvæmdum án kostnaðar fyrir veiðifélagið.
3. Blaðamaðurinn hefði jafnframt getað fengið upplýsingar um það að tillagan, sem fréttin fjallar um, var felld á síðasta aðalfundi veiðifélagsins. Tillagan var talin svo vitlaus að hún var álitin ómarktæk.
4. Blaðamaðurinn hefði einnig getað fengið upplýsingar um það að Finnur B. Harðarson tilkynnti landeigandann, sem skrifaði bréfið, til lögreglu og Fiskistofu vegna malartöku í Stóru-Laxá. Slík háttsemi er bönnuð. Umfjöllun um malartöku landeigandans var birt á Facebook færslu Finns.
5. Eitt símtal hefði einnig staðfest að allir landeigendur og veiðiréttarhafar í Stóru-Laxá geta hitt formann og fengið aðgang að leigusamningnum við leigutakann. Samningurinn er hins vegar ekki sendur. Í fréttinni er því rangt farið með staðreyndir þegar blaðamaðurinn staðhæfir að félagsmenn hafi ekki fengið aðgang að gögnum.



6. Fréttin og fyrirsögnin felur í sér brot gegn 2. og 6. gr. siðareglna blaðamanna. Í fréttinni er verið að endurflytja rangar og órökstuddar ásakanir landeigandans. Fyrirsögnin er hvorki heiðarleg né sanngjörn og ekki er gerður greinarmunur á staðreyndum og skoðunum. Þá var fréttin ekki skrifuð eftir bestu vitund blaðamannsins. Aðalatriðið er að blaðmaðurinn hafði ekki samband við Finn B. Harðarson áður en fréttin um alvarlegar ásakanir á hendur honum var birt.
7. Vakin er athygli á því að fréttir af þessu tagi geta haft áhrif á atvinnustarfsemi kæranda þar sem einstaklingar geta veigrað sér frá því að kaupa veiðileyfi af aðila ef birtar eru fréttir um hann og meintar vanefndir.

Þriðja fréttin var birt þann 7. júlí á mbl.is. Fyrirsögnin var „*Leyfa framkvæmdir í trássi við eigendur.*“ Markmiðið með fréttinni var augljóslega að kasta rýrð á persónu Finns B. Harðarsonar, gera lítið úr honum og lýsa honum sem brotamanni.

Í fréttinni er haft eftir landeigandanum, sem vill rifta, þrátt fyrir að skilyrði séu ekki uppfyllt, að ekki hafi verið orðið við kröfu hans um aukaaðalfund sem þó átti að halda fyrir 15. ágúst 2025. Í fréttinni er Finni B. Harðarsyni lýst með svohljóðandi hætti: „*yfirgangur gagnvart landeigendum og leyfislaus vegagerð í landi Sóleyjarbakka sem og niðurrif á varnargörðum í landi hans.*“ Síðan segir að annar landeigandi, á Eiríksbakka, hafi kvartað yfir „*framferði*“ Finns „*og skemmdum sem hann hefur valdið á landi jarðarinnar.*“ Í lokin er fjallað um yfirlýsingu stjórnar veiðifélagsins, sem staðfestir lögmæti þeirra framkvæmda sem sagðar eru ólögmætar. Segir að „*[a]ðilar málsins undrast þessa yfirlýsingu og furða sig á að stjórn... skuli telja sig hafa umboð til þess að heimila leigutakanum að framkvæma „hervirki“ á landareignum þeirra eigin félagsmanna að þeim forspurðum.*“

Varðandi þessa frétt skal eftirfarandi tekið fram:

1. Landeigendurnir, sem fréttin fjallar um, eru aðilar að Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga. Það veitir þeim víðtæk réttindi, t.d. rétt til töku arðs vegna leigu á veiðiréttinum til kæranda. Það leggur hins vegar á þá skyldur, t.d. er þeim „*skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu*“, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Þessi skylda er útfærð með veiðivegum sem er haldið við af kærendum til að tryggja tekjur af sölu veiðileyfa.
2. Að framangreindu virtu er blaðamaðurinn að endurflytja rangar og órökstuddar ásakanir landeigandans. Fyrirsögnin er hvorki heiðarleg né sanngjörn. Þá var fréttin ekki skrifuð eftir bestu vitund blaðamannsins og aðalatriðið er að blaðmaðurinn hafði ekki samband við Finn B. Harðarson áður en fréttin var birt.
3. Sömu sjónarmið eiga við um sjöttu fréttina á fskj. 6.

Fjórdða fréttin er með fyrirsögnina „*Kreffast opinberra rannsóknar.*“ Síðan segir „*Leigutaki Stóru-Laxár sakaður um fjölmörg afbrot á veiðisvæðinu við lðu,*“ „*Ofbeldi hótanir og ógnandi tilburðir.*“

Varðandi þessa frétt skal eftirfarandi tekið fram:



1. Efni fréttarinnar var ekki borið undir Finn B. Harðarson áður en fréttin var birt. Finnur B. Harðarson gat því ekki útskýrt sína hlið á málinu.
2. Samkvæmt 6. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands þarf blaðamaður að gera greinarmun á staðreyndum og skoðunum. Ganga úr skugga um áreiðanleika upplýsinga og gæta þess að umfjöllun sé hlutlæg. Blaðamaður skal jafnframt setja fram upplýsingar á „*heiðarlegan og sanngjarnan hátt samkvæmt bestu vitund hverju sinni, meðal annars með því að leita andstæðra sjónarmiða þegar við á*“, sbr. 2. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Blaðamaður setur heldur ekki fram „*örökstuddar ásakanir*“.
3. Einhliða umfjöllun um kæru á hendur Finni B. Harðarsyni brýtur gegn 2. og 6. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Horfa verður sérstaklega til þess að kæran, sem fréttin fjallar um, er dagsett 3. júlí 2026. Fréttin var birt 8. júlí 2026. Það liggur því ekkert fyrir um það hvort kæran verði tekin til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurlandi.
4. Sömu sjónarmið eiga við um fimmtu fréttina á fskj. 5.

Kærendur vísa til framangreinds og úrskurðar Siðanefndar BÍ í máli nr. 2/2023-2024. Frétt með fyrirsögninni: „*Sunnudalsá; veitt í óþökk landeiganda*“ birtist á vef blaðs ásamt mynd af. Gaf fréttin til kynna að viðkomandi einstaklingur hefði veitt í leyfisleysi í ánni en hann hafði einungis verið að taka ljósmyndir á vettvangi. Siðanefnd BÍ komst að þeirri niðurstöðu að blaðamaðurinn hefði brotið gegn 2. og 3. gr. siðareglna BÍ.

Fyrir hönd kærenda,

Hilmar Gunnarsson, lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Frétt Morgunblaðsins 6. júlí 2026: „*Vill rifta vegna vanefnda*“.
2. Frétt Mbl.is 6. júlí 2026: „*Krefst uppsagnar leigusamnings*“.
3. Frétt Mbl.is 7. júlí 2026: „*Leyfa framkvæmdir í trássi við eigendur*“.
4. Frétt Morgunblaðsins 8. júlí 2026: „*Kreffast opinberrar rannsóknar*“.
5. Frétt Mbl.is 8. júlí 2026: „*Nálgunarbanns krafist*“.
6. Frétt Mbl.is 9. júlí 2026: „*Kærður til lögreglu fyrir akstur gröfu*“.